



UPPSETNING
VEGGJA

UPPSETNING GÓLFS

INNFELLD BAÐKÖR

VEGGHENG
SALERNISSKÁL

STURTUVEGGUR

LITEX KERFI FYRIR VOTRÝMI

LITEX[®]

HVAÐ ER LITEX?

- ALVEG EINSTAKT KERFI FYRIR VOTRÝMI

Litex er rakavarnarplata sem hægt er að nýta í votrými. Litex-plötur má bæði nota sem byggingarefni og rakavörn og þær henta afar vel í baðherbergi sem eiga að vera vatnspétt og laus við hættulega sveppi og fúa. Hægt er að leggja flísar beint ofan á Litex-plöturnar en þær eru einnig einangrandi. Hægt er að nota Litex-plötur jafnt í vegg, gólf sem innréttingar. Sjálf uppsetningin er mjög einföld.



2

HVERNIG ER LITEX-PLATAN SAMSETT?

Kjarninn í Litex-plötum er þrýstimótað pólýstýren og á báðum hliðum plötunnar er glerfjástyrktur álimdur dúkur með sérþríuðu epoxý með vatnsgrunni. Saman mynda þessi lög algjörlega vatnshelda plötu. Jafnvel við erfiðustu aðstæður sjást engin merki um að efnið í kjarnanum brotni niður.

EINSTAKT EFNI Í KJARNA

Í Litex-plötunum er STYROFOAM XPS™ plastefni. STYROFOAM er flaggskip XPS-efnanna og hefur meðal annars verið notað til að einangra vegi og járnbrautar-teina um áratuga skeið. Gerðar hafa verið umfangsmiklar og ítarlegar mælingar og vettvangsrannsóknir en engin merki sjást um að efnið brotni niður, auk þess sem rakadrægni þess er nær engin.

Á markaði eru í boði tvenns konar frauðplastefni sem notuð eru í rakavarnarplötur í votrymum. Við leyfum okkur að benda á muninn á þessum tveimur efnum.

Myndirnar af efninu eru í raunstærð (1:1). Ef þú skoðar muninn á því hvernig efnin eru gerð liggur í augum uppi að miklu meiri líkur eru á að rakavarnarplötur með EPS-efni í kjarna dragi til sín raka og verði því fyrir rakaskemmdum en plötur með XPS-kjarna.

UMHVERFISVÆNT

Okkur hjá Litex er mjög umhugað um bæði andrúmsloft innanhúss og umhverfið. Þess vegna notum við hvorki díbrómprópýl eldtefjandi efni né önnur eitrefni sem geta valdið heilsutjóni. Settu upp heilsusamlegt og öruggt baðherbergi sem endist áratugum saman.

©TM Vörumerki Dow Chemical Company



ÞVERSNID AF XPS

Þrýstimótað pólýstýren, skammstafað XPS, er einsleitt efni með lokaðri formgerð þannig að rakadrægni þess er í algjöru lágmarki.



ÞVERSNID AF EPS

Panið pólýstýren, skammstafað EPS, hefur hins vegar opnari og lausari formgerð þannig að miklu meiri hætta er á að raki komist inn í það. (EPS er oft kallað ísópor).



EFNISYFIRLIT

- 2 Hvað er Litex?
- 3 Efnisyfirlit
- 4 Vottanir og meðmæli
- 5 Litex kerfi fyrir votrymi
- 7 Uppsetning veggja
- 10 Uppsetning sturtuveggs
- 12 Vegghengd salernisskál og lagnastokkar
- 13 Uppsetning gólfs
- 16 Hvernig baðherbergisgólf eru lögð
- 17 Spennandi innréttingar
- 20 Smíðað utan um baðkar
- 22 Yfirlit yfir vörur
- 24 Heimilisföng og aðrar upplýsingar

VOTTANIR OG MEÐMÆLI

SINTEF BYGGFORSK (NOREGI)

SINTEF BYGGFORSK er vottunarstofnun og rannsóknastofnun byggingariðnaðarins í Noregi. Stofnunin gefur út vöruvottanir undir heitinu NBI Teknisk Godkjenning. Þar með vottast að viðkomandi vara henti til þeirra notkunar sem framleiðandi tilgreinir, að hún fullnægi gæðakröfum og uppfylli kröfur í reglum og stöðlum, auk þess sem þar er að finna leiðbeiningar um notkun. Hægt er að sækja NBI Teknisk Godkjenning nr. 2296 fyrir Litex kerfi fyrir votrymi á vefsetrinu www.litex.no.

SBI (DANMÖRK)

Statens Byggeforsknings Institut í Hörsholm hefur framkvæmt allar nauðsynlegar prófanir á notkun Litex til notkunar í bæði gólfum og veggjum.

ETA-Danmark hefur það hlutverk að gefa út evrópskar tæknivottanir og tekur auk þess þátt í mótun leiðbeinandi reglna um evrópskar tæknivottanir á grundvelli tilskipunar um byggingavörur. Vottun í þessum vöruhópi nær til bæði efniviðar og samsetninga og er ætlað að tryggja að vottaða afurðin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í byggingarreglugerðum og viðkomandi stöðlum. Stundum mæla reglugerðir fyrir um að nota beri vottað efni eða samsetningar. Litex fyrir gólf hefur MK-vottunina MK 7.22/1557 en Litex fyrir vegg hefur MK-vottunina MK 7.32/1558.

VOTRYMISSTAÐALLINN (NOREGI)

Votrymisstaðall byggingariðnaðarins (BVN) er verkfæri fyrir skipulagningu og framkvæmdir í votrymum. Ekki er skylda að fara að ákvæðum staðalsins því það er samningsatriði á milli málsaðila hvort hann skuli gilda. Því ber að líta á BVN-staðallinn sem tilmæli, ekki lögbundna kröfu. Sé samið um að BVN-staðallinn skuli gilda verða þeir sem vinna við votrymið að hafa votrymisskírteini.

VTT (FINNLANDI)

VTT Tæknirannsóknamiðstöð Finnlands er stærsta sjálfstæða rannsóknastofnun Norður-Evrópu. VTT býður háþróaðar tæknilausnir og frumkvöðlajónustu. VTT býr yfir umfangsmiklum þekkingargrunni og getur blandað saman tækni af ýmsu tagi og þróað nýmæli. Stofnunin ræður yfir tæknibúnaði á heimsvísu og mikilli hagnýtri rannsóknþekkingu og getur þannig aukið samkeppnisgetu og hæfni viðskiptavina sinna. VTT hefur aðgang að alþjóðlegu neti vísinda- og tækniþekkingar og getur útvegað hagsmunaaðilum upplýsingar, uppfært tækniþekkingu þeirra, aukið viðskiptafærni og fært þeim virðisauka. Rannsóknastofnunin VTT er ekki rekin í hagnaðarskyni. Litex hefur vörvottoró nr. C-1542-07.





LITEX KERFI FYRIR VOTRÝMI

Oft þarf að rífa baðherbergi vegna þess að þau eru ekki vatnsheld. Þetta getur líka átt við um alveg ný baðherbergi. Nauðsynlegt er að nota góðan efnivið en fullnægjandi árangur næst ekki nema vel sé að verki staðið. Auk þess er mikilvægt að þeir sem eiga að setja upp nýtt baðherbergi eða endurnýja gamalt hafi yfirsýn yfir gildandi lög og reglugerðir. Litex votrýmisplötur eru gerðar úr ólífrænum efnum, þær eru vatnsheldar og fúna ekki.

Við hjá Litex leggjum mikla áherslu á að mikil gæði einkenni bæði Litex og allt það sem Litex fylgir. Við erum mjög ánægð með bæði úrvalið af efnivið og seljendur hans en þannig tryggjum við sem bestan árangur. Efnivið í Litex-plötum er bæði vel þekkt og margreynt. Kjarnaefnið (Styrofoam™) í þeim hefur verið í notkun síðan 1942. Litex-gúmmímúffur eru gerðar úr mjög endingargóðu NBR-gúmmii sem prófanir sýna að endist í a.m.k. 26 ár. Allt er gert til þess að tryggja að þú fáið bað sem tryggt er gegn bæði fúna og raka um langa hríð.

EINFALT Í NOTKUN

Það eru margir kostir við það að nota Litex í baðherbergjum og öðrum votrýmum. Það er mjög auðvelt að setja Litex-plöturnar upp og fella þær að hverju baðherbergi fyrir sig. Þær virka sem rakavörn í bæði veggjum og gólfi en Litex-plötur má einnig nota í innréttingar á borð við hillur, skápa og annað. Það er auðvelt að byggja utan um baðkór, þvottavélar eða þurrkara með Litex. Ekkert setur manni skorður þar nema hugmyndaflugjó.

Litex-plöturnar eru gerðar úr léttu en sterku efni. Það er nóg að hafa teppahnif eða litla handsög til þess að sníða þær að nær hverju sem er.



BYRJADU Á ÞVÍ SEM MESTU MÁLI SKIPTIR

Það er dýrt og tímafrekt að endurnýja baðherbergi. Það er því yfirleitt aðeins gert með margra áratuga millibili. Margir leggja aðaláherslu á dýrar baðinnréttingar og smekklegar flísar við endurnýjunina en velta því hins vegar ekki fyrir sér að það geti verið mjög dýrt að endurnýja vegg og gólf samanborið við innréttinguna sjálfa. Eigi baðherbergið að uppfylla gæðakröfur og endast þarf þó að hyggja vel að því sem er að baki flísunum.


Rakavörn á baði á að koma í veg fyrir að raki komist inn í vegg og gólf og valdi þar myglu og fúa sem dýrt getur reynst að losna við. Örveruvöxtur af völdum raka í baðherbergjum getur jafnvel verið hættulegri heilsu manna en reykingar og valdið bæði öndunarfærasykingum og astma.

Litex-plötur tryggja baðherbergið fyrir tjóni af völdum raka og fúa. Sveppagróður og rakaskemmdir valda ekki bara tjóni á baðherberginu heldur stuðla að óþægilegu og heilsuspillandi andrúmslofti í húsnæðinu.



UPPSETNING VEGGJA MEÐ LITEX EINFALT MÁL

Litex-votrýmisplötur má festa á nær hvaða undirlag sem er. Hægt er að setja þær beint á timburgrind eða festa við aðra vegg, til dæmis þiljur, stein, gífs, OSB og sambærileg efni.



1

LITEX Á ÞILJUR OG ÞESS HÁTTAR


Litex-votrymisplötur má festa á nær hvaða undirlag sem er. Hægt er að setja þær beint á timburgrind eða festa við aðra vegg, til dæmis þiljur, stein, gífs, OSB og sambærileg efni. Nota má Litex-plötur í hvaða þykkt sem er á fast undirlag.



2

LITEX BEINT Á TIMBURGRIND

Nota ber að lágmarki 13 mm Litex-plötur á timburgrindarstoðir með 30 sm millibili. Sé bil á milli stoða 60 sm ber að nota að lágmarki 20 mm Litex-plötur. Sé 20 mm plata notuð er mælt með því að setja langband í 120 sm hæð. Svo getur virst sem plata fest við timburgrind sé sveigjanleg en hún gerir gott betur en að uppfylla lágmarkskröfur um stífleika þegar búið er að flísaleggja hana með flísalími og fúgumassa. Sé platan sett beint á timburgrind þarf að setja upp langbönd til að festa innréttingar og baðherbergisbúnað.



3

AÐ FESTA LITEX-PLÖTUR

Plöturnar eru annað hvort festar á vegginn með Litex festilími eða að þær eru skrúfaðar fastar á undirlag með Litex festiskífu og skrúfu. Gættu þess að bilið á milli Litex-plötu og lofts sé a.m.k. 5 mm. Gerðu ráð fyrir um það bil 10 skrúfum á hvern fermetra.

Á þiljur og þess háttar: skrúfulengd = Þykkt Litex + þykkt þilju + ca. 5 mm.

Á timburgrindarstoðir: Þykkt Litex + ca. 25 mm

Bil á milli skrúfa á 13 mm Litex-plötum er 25 sm, 30 sm á 20 mm plötum og 40 sm á 30 mm plötum.

8



4

LITEX BEINT Á STÁLGRIND

Plöturnar eru festar á stálgrindarstoðir með boddýskrúfum, 5-10 mm lengri en platan er að þykkt. Hafðu 25 til 30 sm bil á milli skrúfa og skrúfaðu plötuna líka við þverbönd efst og neðst. Byrjaðu annað hvort efst eða neðst og fylgdu svo stoðinni upp eða niður til að koma í veg fyrir vinding. Ef stálgrindin eru ekki með plötu að baki (t.d. sjálfstæð eða tvöföld stálgrind) ber ávallt að meta stífleikann. Hægt er að auka stífleika veggjar með því að minnka millibilið, bæta við langböndum eða nota þykkari Litex-plötur.



5

LITEX Á HLAÐNA EÐA STEYPTA VEGGI

Hægt er að notast við hvaða þykkt á Litex-plötu sem er þegar verið er að einangra hlaðna eða steypa vegg, múraða eða ómúraða. Litex 13 mm er heillímt með flísalími sem dreift er um plötuna með tenntum límspaða. Það má punktlíma þykkari Litex-plötur sem er góð lausn ef leggja þarf plötur á óslétt undirlag. Settu að minnsta kosti 15 til 20 límdæpla á hverja plötu á sama hátt og augun eru á tölunni 5 á teningi. Þrýstu plötunni að veggnum þannig að flísalímið þjappast að undirlaginu. Við mælum með því að platan sé til öryggis fest með 3 til 4 6 mm töppum og Litex-festiskífu (næsta dag). Blanda skal flísalímið nákvæmlega samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Sé blandan ekki höfó nógu vot getur gripið orðið ófullnægjandi. Ekki skal nota lím með leysiefnum.



6


LITEX Á FLÍSALAGÐA VEGGI

Litex 13 mm/Litex 20 mm plötur eru festar á eldri flísalagða vegg með flísalími. Bestur árangur næst með því að þvo gömlu flísalími með brennsluspritti og bera svo á þær grunnmálningu blandaða smávegis flísalími. Flísalímið er borið á Litex-plötuna með tenntum límspaða. Við mælum með því að platan sé til öryggis fest með 3 til 4 6 mm töppum og Litex-festiskífu. Gakktu úr skugga um að veggurinn sem fyrir er sé þurr og henti vel til frekari uppsetningar á búnaði.




AÐ GERA GÖT

Mældu nákvæmlega fyrir götum þar sem rör og lagnir eiga að koma. Leggðu Litex-plötuna upp að tengjunum og sláðu létt á hana. Skerðu út eftir forunum sem komu á plötuna. Mælt er með því að notaður sé holbor fyrir borvél en hægt að nota teppahníf eða áþekkt verkfæri.



RÖRAMÚFFUR FYRIR RÖRARENGINGAR

Rör eru sett saman þannig að hulsan sé 1-2 mm fyrir utan álmindar flísar. Þetta er til þess að tryggja að röramúffum sé rétt fyrir komið. Mælt er með því að Litex-múffa sé límd við Litex-plötuna með Litex festilími. Settu múffuna á og berðu límið á með pensli eða rúllu þannig að hún nái góðri festingu í líminu. Þegar límið er orðið þurr er múffan þakin fljótandi rakavörn. Einnig er hægt að festa múffuna vott í vott með fljótandi rakavörn. Það má nota hvaða viðurkenndu fljótandi rakavörn sem er.




MÚFFUR FYRIR KOPARRÖR

Þétu rörgatið með Litex gúmmibornum múffum fyrir koparrör. Múffan er sett á eins og lýst er við 8. mynd.




AINANGRUN SAMSKYTA

Það er bæði hægt að líma gúmmibornar Litex hornamúffur við Litex-plötuna með Litex-festilími og bera svo fljótandi rakavörn á (sú aðferð sem mælt er með) eða setja þær vott í vott með fljótandi rakavörn. Notast er við trefjasamskeytaborða (Litex Skjoteremse Fiber) eða gúmmiborna samskeytaborða (Litex Skjoteband Gummiert) til að loka plötusamskeytum og skrufugötum og þeir eru lagðir vott í vott með fljótandi rakavörn. Hún er borin á samskeytin eða skrufugatið, ræmunnri þrýst vel niður svo hún blotnar vel í gegn og svo er fljótandi rakavörn borin á. Mundu að láta borðana skarast yfir samskeytunum. Það má nota hvaða viðurkenndu fljótandi rakavörn sem er.



SAMSKYTI GÓLFS OG VEGGS

Gættu þess að láta lóðréttu samskeytaborða skarast um 20 mm að lóðréttum samskeytum. Lokaðu vandlega öllum samskeytum á milli gólfs og veggja, skrufugötum og samskeytum mismunandi efna með Litex-trefjasamskeytaborðum eða gúmmibornum Litex-samskeytaborðum með fljótandi rakavörn. Mælt er með gúmmibornum samskeytaborðum þar sem gólf og veggur mætast og í sturtuklefa vegna þess að það efni þolir afar vel öll kemísk efni og þvottaefni (sápu) auk þess sem þeir endast lengur. Áætlaðu u.þ.b. 1 kg af fljótandi rakavörn á hverja 10 m af samskeytaborðum.



FLÍSALAGÐUR LITEX-VEGGUR

Borið er flísalím á uppsettar Litex-plötur og flísar límdar við. Það er hægt að nota Litex-festilím til að festa handklæðasnaga og aðra léttu hluti í stað þess að bora í flísarnar.



UPPSETNING STURTUVEGGS MEÐ LITEX

SMEKKLEGT OG STÍLHREINT

Það er auðvelt að koma sér upp þægilegum sturtuklefa í baðherberginu með LITEX 75 mm.



1

LITEX FYRIR STURTUKLEFANN

Þetta bað er flísalagt og allt til reiðu að setja upp vegg. Hægt er að setja upp sturtuvegg hvort sem er áður eða eftir að baðið hefur verið flísalagt.



2

EINFÖLD AÐLÖGUN

Sagaðu plötuna í rétta stærð. Hér er notast við Litex 75 mm.



3

FESTU MEÐ FESTIJÁRNI

Skrúfaðu eða límdu upp U-festjárn miðað við þykkt plötunnar. Forðast þer að bora í flísarnar, sé þess nokkur kostur.



4

LITEX FESTILÍM

Berðu Litex festilím á þann stað þar sem platan á að standa.



5

KOMDU PLÖTUNNI FYRIR

Settu plötuna inn í festjárnin og láttu límið þorna áður en hún er flísalögð. Best er að festa sturtuhurðina við fastan vegg en það er líka hægt að festa hana við Litex-vegginn með því að líma við hana timbur með Litex festilími.



6

BÚIÐ AÐ FLÍSALEGGJA


Búið er að flísaleggja og í baðherbergið er kominn nýr sturtuveggur sem auðvelt var að setja upp.

GLÆSILEGAR LAUSNIR

VEGGHENGD SALERNISSKÁL OG LAGNASTOKKAR



1



2



3

12

VEGGHENGD SALERNISSKÁL


Það er hvort sem er hægt að hafa festigrind fyrir vegghengda salernisskál utan á tilbúnum Litex-vegg eða koma henni fyrir inni í grindinni og hylja svo með Litex-votrymisplötum. Hægt er að líma Litex-plöturnar beint á vegggrindina með Litex-festilími. Hægt er að nota Litex 20 mm á festigrind með 60 bili á milli stöða.

STYRKING

Styrking er sett þar sem þverband og postulín mætast þannig að snertipunkturinn er skorinn út og styrkur með flísalími eða steypu. Brotna línar sýnir útlínur salernisskálanna. Snertipunkturinn er breytilegur, allt eftir gerð salernisskálanna og grind.

UPPSETT SALERNISSKÁL


Komdu svo salernisskálinni fyrir samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Vegghengd salernisskál þarf minna rými og auðveldar allar hreingerningar.



4

U-LAGA LAGNASTOKKUR

Litex selur U-laga lagnastokka til þess að hylja frárennslisrör. Hægt er að flísaleggja stokkinn. Stokkarnir eru seldir í flötum kössum 20 x 20 x 20 sm með teppalímbandi í fræstum raufum fyrir 90° aðfellingu/uppsetningu. Lengd er 244 sm.



5

L-LAGA LAGNASTOKKUR

Litex selur L-laga lagnastokka til þess að hylja frárennslisrör. Hægt er að flísaleggja stokkinn. Stokkarnir eru seldir í flötum kössum með teppalímbandi í stöðluðum stærðum, 15 x 15 sm, 30 x 30 sm og 20 x 40 sm. Lengd er 244 sm.



6

UPPSETTUR LAGNASTOKKUR

Það er auðvelt að koma lagnastokknum fyrir og festa hann á steinvegg, flísalagðan vegg eða Litex-plötu. Hægt er að líma rörastokkinn á vegg með festilími eða með Litex-festijárni (sjá bls. 23)



LITEX UPPSETNING GÓLFS

ÞAÐ ER EINFALT MÁL

Hægt er að setja Litex-plötur á flestar gerðir undirlags, til dæmis timburgólf, steinsteypu og þess háttar. Undirgólfið verður að vera stöðugt og tryggt svo það gefi sig ekki. Litex-plötur þurfa fullan stuðning á öllu gólfinu og ekki er nóg að setja þær beint á gólfbita.



1

LITEX Á GÓLF

Plötur eru skrúfaðar fastar við undirgólfið. Skrúfað er í samskeytin og mitt á plötuna. Lengd á skrúfum samsvarar þykkt Litex-plötunnar + u.þ.b. 25 mm. Litex-plötur eru límdar á steingólf með flísalími og festar með 4-5 töppum á plötunni miðri. Mælt er með því að leggja halla að niðurfalli annað hvort í undirgólf eða sem flot ofan á Litex-plötur.



2

AÐ FESTA LITEX VIÐ TIMBURGÓLF

Leggðu plötur á gólfið og gættu þess að þær séu a.m.k. 5 mm frá vegg. Skrúfaðu þær fastar við gólfið með Litex-festiskífum og skrúfum. Sé um stóran gólfhlöt að ræða eru plötur lagðar langsum með 600 mm hliðrun. Sé lagt ofan á gólfborð ber að leggja Litex-plötur þvert á þau og með 6000 mm hliðrun.




3

LITEX OFAN Á GÓLFEFNI

Hægt er að líma Litex-plötur á gólfefni með Litex-festilími, vatnssnertilími, sementi, flísalími eða steypimassa með sementi. Gott er að nota tenntan spaða til þess að dreifa líninu. Gættu þess að undirlagið sé stöðugt. Gólfið sjálft verður að vera vel þurr og henta vel til frekari uppsetningar búnaðar.


14



4

AÐ GERA GÖT FYRIR FRÁRENSLI

Mældu nákvæmlega fyrir götum sem gera þarf fyrir frárennsli. Þrýstu Litex-plötunni að enda rörsins. Skerðu gat í hana með holbor, stingsög eða teppahnif.



5

AÐ SETJA UPP FRÁRENSLISMÚFFU

Berðu Litex-festilím á með spaða umhverfis frárennslið. Dragðu yfir það Litex-röramúffu og berðu á yfirborðið þannig að múffan sé vel límborin. Þegar límið hefur þornað er fljótandi rakavörn borin á. Það er einnig hægt að setja röramúffuna á vott í vott með fljótandi rakavörn.



6

UPPSETNING Á NIÐURFALLI


Niðurfall er sett upp annað hvort í sömu hæð og undirgólfið er eða efri jaðri Litex-plötunnar. Það má hvort sem er hafa það í miðri plötu eða á samskeytum. Óhætt er að nota flestar þekktar gerðir niðurfalla með Litex. Farðu að fyrirmælum framleiðanda þegar niðurfalli er komið fyrir.



7

AÐ LÍMA NIÐURFALLSMÚFFU

Festu fjórar skrúfur með skífu innan svæðisins sem niðurfalls múffan nær til. Taktu klemmuhringinn frá og berðu Litex-festilím á umhverfis niðurfallið á svæði u.þ.b. 2 sm stærra en niðurfalls múffan er. Dreifðu því út í jafnt lag. Leggðu niðurfalls múffuna í vota límið og jafnaðu límið yfir járnbindinguna. Gættu þess að múffan festist vel við límið.



8

AÐ EINANGRA NIÐURFALLSMÚFFU


Láttu límið þorna á meðan lagt er á gólfíð. Þegar límið er þurrð er skorið gat sem er 5 sm í þvermál á múffuna miðja. Berðu lím á múffuna niður að O-hringnum og meðfram efri brún niðurfallsins. Þrýstu klemmuhringnum niður og skrúfaðu hann fastan. Snyrtu svo jaðrana með beittum hníf. Berðu fljótandi rakavörn ofan á niðurfalls múffuna og á svæði u.þ.b. 2 sm stærra en hún er. Notaðu hvaða tegund af viðurkenndri fljótandi rakavörn sem er. Farðu að fyrirmælum framleiðanda þegar niðurfalli er komið fyrir.



9

AÐ EINANGRA HORN OG MÖRK GÓLFS OG VEGGJA

Mælt er með því að forsmíðaðar múffur fyrir innri og ytri horn séu límdar með Litex-festilími og svo borin á þær fljótandi rakavörn. Það er einnig hægt að setja þær á vott í vott með fljótandi rakavörn. Fljótandi rakavörn er borin á samskeyti og skúfur. Leggðu svo Litex-trefjasamskeyta-borða eða gúmmíborinn Litex-samskeyta-borða ofan í vota rakavörnina og smyrðu vel yfir með rakavörn vott í vott. Mælt er með gúmmíbornum Litex-samskeyta-borðum þar sem gólf og veggur mætast og í sturtuklefa vegna þess að það efni þolir afar vel öll kemísk efni og þvottaefni (sápu) auk þess sem þeir endast lengur. Áætlaðu u.þ.b. 1 kg af fljótandi rakavörn á hverja 10 m af samskeyta-borðum. Notaðu hvaða tegund af viðurkenndri fljótandi rakavörn sem er.




10

GÓLFHITAKERFI BEINT Á LITEX-PLÖTUNA

Hægt er að leggja allt að 10W gólfhitakerfi á hvern lengdarmetra (allt að 150 W á fermetra) beint ofan á Litex-plötuna. Kaplana má leggja ýmist sem mottu eða í lykkjum og þeir eru svo límdir með límbandi eða festilími á Litex-plötuna. Farðu eftir leiðbeiningum framleiðanda um uppsetningu á gólfhitakerfi.


15



11

GÓLFHITAKERFI Á JÁRNBENDINGU

Festa verður gólfhitakerfi með 10-17 W á metra á ryðfrítt járnbindinet sem lyftir kerfinu að lágmarki 5 mm upp fyrir Litex-plötuna. Hægt er að nota stálnet með móskestæðum 8 x 8 sm. Farðu eftir leiðbeiningum framleiðanda um uppsetningu á gólfhitakerfi.



12


STEYPUMASSI

Mundu að gera undirlagið hreint til þess að massinn gripi vel. Þegar gólfhitakerfi er lagt er best að þekja það með vatnspólum steypumassa með sementi sem ætlaður er fyrir þunnt gólf. Steypumassinn er notaður í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Alltaf er mælt með fljótandi rakavörn yfir baðherbergissteypunni í gólfina á sturtuklefanum. Sé notast við hefðbundinn steypumassa og flotefni sem ekki þola vatn þarf að bera fljótandi rakavörn ofan á. Við þær baðstæður á ekki að einangra Litex-plöturnar. Mælt er með því að leggja halla að niðurfalli annað hvort í undirgólf eða sem flot ofan á Litex-plöturnar.

LAG Á LAG OFAN

LÁG OG LÉTT HÖNNUN

16



- Stöðugt undirgólf
- Hægt er að nota Litex í flestum þykktum
- Litex-festiskífa
- Einangrun á samskeytum og við skrúfur
- Gólfhitakerfi allt að 10 W á lengdarmetra beint á Litex-plötuna
- Vatnspolinn steypumassi
- Flísalím
- Flísar



NÚTÍMALEG OG SPENNANDI INNRETTING

HANNAÐU ÞÍNAR EIGIN INNRETTINGAR

Litex-plötur eru bæði sterkar og sveigjanlegar og henta þar af leiðandi mjög vel þegar móta á spennandi og frumlegar innréttingar á baðherberginu. Litex 50 mm hentar sérlega við til innréttingasmíði, jafnt eitt sér og með öðrum efnum. Það er þar að auki hægt að rífa Litex-plöturnar svo þær verði enn sveigjanlegri og henti í ávala vegg, keilulaga vaskstoðir og þess háttar. Það kemur sér einnig vel að hafa Litex-festilím og Litex-festijárn þegar verið er að smíða innréttingar.



18







EINFALT AÐ BYGGJA UTAN UM BAÐKAR

NÁKVÆMLEGA EINS OG ÞÚ VILT HAFA ÞAÐ MEÐ LITEX

Áður en byrjað er að byggja utan um baðkar þarf að ákveða stærð á flísum og fúgubreidd. Frekar er mælt með því að hnika til lengd og breidd í stað þess að saga flísarnar. Baðkarinu er komið fyrir í réttu horni og svo er smíðað utan um þær hliðar sem út snúa. Í þessu dæmi eru notaðar 50 mm Litex-votrýmisplötur, Litex-festijárn og tréskrúfur auk Litex-festilíms.



1

BYRJADU MEÐ GÓLFKANTINN

Baðkarið á alltaf að standa á eigin fótum. Framhliðin á þessu kari er þrískipt. Auk þess á að setja upp tröppur. Myndin sýnir hvernig brún og miðja framhliðarinnar er fest saman.



2

TEKIÐ ÚT FYRIR RÖRUM

Lóðréttar stífur eru festar fyrir efri plötuna og í þær eru gerðar raufar fyrir rör eins og sýnt er á myndinni.



3

BÚÐU TIL STUÐNINGSKLOSSA

Framhliðin er þrískipt í þessu sýni. Búðu til stuðningsklossa þannig að horn á framhliðinni verði eins og þau eiga að vera.



4

FRAMHLIÐIN LÍMD FÖST

Framhliðin er þrískipt en hún er límd saman með Litex-festilími og skrúfum. Framhliðin hefur hér enn ekki verið fest við vegginn.

21



5

PREP

Hægt er að smíða þrep. Gott er að hafa þrep í stærðinni 20 sm x 20 sm við baðkarið. Prepið á myndinni er gert úr einni innri og einni ytri lárétttri stoð með 50 mm Litex-votrymisplötu ofan á. Fjórum millikubbum er komið fyrir á innri þrepvegg áður en þeir eru festir við framhliðina. Þegar allt er komið á sinn stað og stendur rétt af sér eru hlutarnir festir saman með Litex-festilími og skrúfum. Nú eru framhlið og þrep ein heild.




6

ALLT TILBÚIÐ TIL FLÍSALAGNINGAR

Prepið er fest með Litex-festijárni. Nú eru framhlið og þrep ein heild og hægt að lyfta henni frá. Umgjörðin er svo fest með silíkoni við vegg, gólf og baðkar. Ef sinna þarf viðhaldi við baðkarið er hægt að skera silíkonsfúguna með hnífi og taka burtu framhliðina í einu lagi. Útbúa þarf viðhaldslúgu þegar flísalagt er til þess að laga hana að flísastærðinni. Viðhalds- og loftunarlúgan þarf að vera staðsett þannig að bæði sé hægt að komast að niðurfallinu undir baðkarinu og sinna viðhaldi.

YFIRLIT..YFIR LITEX-VÖRUR

ÓTAKMARKAÐIR MÖGULEIKAR



LITEX-PLÖTUR OG MÁL

Plötur eru seldar í stærðinni 60 x 244 sm og í 13 mm, 20 mm, 30 mm, 50 mm og 75 mm þykktum.

13 mm


20 mm

30 mm

50 mm


75 mm

22




U-LAGA LAGNASTOKKUR

Fyrir 90 gráðu aðfellingu/uppsetningu.
Lengd 244 cm.
20 x 20 x 20 sm.




L-LAGA LAGNASTOKKUR

Lengd 244 sm.
15 x 15 sm.
30 x 30 sm.
20 x 40 sm




GÚMMÍBORINN LITEX-SAMSKEYTABORÐI

NBR-gúmmíborði er notaður með viðurkenndri rakavörn. Mælt er með honum á gólf, þar sem gólf og veggir mætast og í votsvæðum.
Lengdir á rúllu 25/50 m



LITEX-TREJASAMSKEYTABORÐI

Notaður með viðurkenndri rakavörn til að þétta samskeyti og þar sem gólf og veggir mætast.
Lengd á rúllu 25 m



ALHLIÐA LITEX-NIÐURFALLSMÚFFA

Trefjastyrkt NBR-gúmmí.
Ytri mál 300 x 300 mm fyrir frárennsli og niðurföll.
Gólf- & niðurfalls múffa án gats.



LITEX-RÖRAMÚFFA

Trefjastyrkt NBR-gúmmí
ytri mál 110 mm x 110 mm.
Litex-röramúffa, 8 mm gat fyrir koparrör
Litex-röramúffa, 28 mm gat fyrir frárennsliör
Litex-röramúffa, 40 mm gat fyrir beintengd rörakerfi.




LITEX-MÚFFA INNRA HORN

Forsmíðað innra horn. Trefjastyrkt NBR gúmmí mótað sem innra horn er notað með gúmmíbornum Litex samskeytaborða og viðurkenndri rakavörn.



LITEX-MÚFFA YTRA HORN

Forsmíðað ytra horn. Trefjastyrkt NBR gúmmí mótað sem ytra horn er notað með gúmmíbornum Litex samskeytaborða og viðurkenndri rakavörn.



LITEX-U-FESTIJÁRN

Til að festa plötur við vegg og gólf.
 U-festijárn fyrir 20 mm plötur
 U-festijárn fyrir 30 mm plötur
 U-festijárn fyrir 50 mm plötur
 U-festijárn fyrir 75 mm plötur



LITEX-FESTIJÁRN 90°

Hornvinklar.
 Hornvinklar fyrir 20 mm plötur
 Hornvinklar fyrir 30 mm plötur
 Hornvinklar fyrir 50 mm plötur



LITEX-U-FESTIJÁRN MEÐ HLIÐARFESTINGU

Til að festa samskeyti og plötur við vegg og gólf þar sem rými er þröngt og setja þarf U-festijárnið á plötuna áður en hægt er að festa það við vegg eða gólf.
 U-festijárn með hliðarfestingu fyrir 20 mm plötur
 U-festijárn með hliðarfestingu fyrir 30 mm plötur
 U-festijárn með hliðarfestingu fyrir 50 mm plötur



LITEX-T-FESTIJÁRN FYRIR 50 MM PLÖTUR

Sameinar kosti H- & 90° festijárns.
 T-festijárn fyrir 50 mm plötur



LITEX-H-FESTIJÁRN

Til að skeyta saman plötur.
 H-festijárn fyrir 20 mm plötur
 H-festijárn fyrir 30 mm plötur
 H-festijárn fyrir 50 mm plötur



LITEX-FESTILÍM

Byggingalím. Mælt er með því þegar líma þarf gúmmíbornar Litex-múffur og Litex-plötur.



LITEX-FESTISKÍFA

S 32 til að festa Litex-plötur við gólf og vegg.
 100 stk. í pakka.



LITEX-SKRÚFUR

Til að festa Litex-plötur við gólf og vegg.
 100 stk. í pakka.
 Litex-skrúfur 32 mm
 Litex-skrúfur 42 mm
 Litex-skrúfur 57 mm





EKKERT SETUR ÞÉR SKORÐUR NEMA HUGMYNDAFLUGIÐ

UMBODSMAÐUR

LITEX AS

Pindsleveien 4, 3221 Sandefjord,
Pósthólf 1073, 3204 Sandefjord
Sími +47 33 48 99 70 · Fax +47 33 48 11 30
Netfang: post@litex.no · www.litex.no

